

## Náttúruverndarstofnun

Umhverfis- og orkustofnun  
Norðurlóð Borgum,  
600 Akureyri

Garðabær, 3. mars 2025  
202502-0098/S.K.V.  
08.05

### Efni: Ósk um umsögn - nýtingarleyfi á jarðhita á Reykhólum

Vísað er til erindis Umhverfis- og orkustofnunar er barst 18.2.2025 þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar Orkubús Vestfjarða um nýtingu jarðhita á Reykhólum í Reykhólahreppi.

Náttúruverndarstofnun hefur kynnt sér umsókn þessa og þar sem ekki er gert ráð fyrir neinu raski umfram það sem nú er, eru engar athugasemdir gerðir.

Náttúruverndarstofnun bendir hins vegar á að syðsti hluti svæðisins er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sem nýtur verndar skv. lögum um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Jafnframt eru á fyrirhuguðu svæði mikilvæg fuglasvæði, lítt raskað votlendi, leirur, stöðuvötn og tjarnir. Skv. lögum um náttúrvernd (60/2013) ber að forðast að raska þessum vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til. Skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun.

Virðingarfyllt,

Sveinn Kári Valdimarsson  
**sérfræðingur**

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**